

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/210  
komudagur 22.11.2001



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289  
netfang: postur@ivr.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 19. nóvember 2001  
Tilvísun : IVR01110032/10.203/KS

Ráðuneytið vísar til bréfs dags. 7. þ.m. þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um átak til að treysta byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að veita árlega, í sex ár, 400 millj. kr. til átaksverkefna á Austurlandi á sviði þróunar-, byggða-, viðskipta-, og menningarmála. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að Þróunarfélagi Austurlands verði falin ábyrgð á ráðstöfun fjárins.

Ráðuneytið telur að sérstök átaksverkefni til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni geti gefið góða raun. Í því sambandi má nefna að verkefnið "Átak til atvinnusköpunar" sem hefur verið rekið af iðnaðarráðuneytinu undanfarin ár og hafa mörg ný störf skapast á grundvelli hugmynda sem hafa verið fjármagnaðar af átakanu. Verkefnið "Átak til atvinnusköpunar" nær hins vegar til landssins alls þannig að allir þeir sem hafa góðar hugmyndir um ný atvinnutækifæri geta sótt um styrk til átaksins. Að mati ráðuneytisins væri skynsamlegra að verja þeim 400 millj. kr. sem um ræðir til Bygðastofnunar og fela stofnuninni að móta sérstök átaksverkefni t.d. í samvinnu við atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni. Slíkt fyrirkomulag myndi, að mati ráðuneytisins, betur tryggja að bestu hugmyndirnar ná fram að ganga. Slíkt fyrirkomulag skapar jafnframt meira jafnræði.

F.h.r.